

Alþingi
Erindi nr. P 130/2055
komudagur 21.4.2004

Til Allsherjarnefndar Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl, 2004

**Efni: frumvörp til laga um breytingu á lögum um útlendinga 719. mál lagafrumvarp
130. löggjafafþingi, og um breytingu á lögum á atvinnuréttindi útlendinga 720. mál
lagafrumvarp 130. löggjafafþingi**

Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa, ásamt Fjölmenningsráði, þegar skilað til allsherjarnefndar umsögn um fyrirbyggjandi frumvörp dómsmálaráðherra varðandi málefni útlendinga. Gerðu samtökin ítarlegar athugasemdir við nokkur ákvæði frumvarpanna.

Samtök kvenna af erlendum uppruna og Fjölmenningsráð vilja hér með hvetja til þess að tvö önnur frumvörp um málefni útlendinga, sem lögð hafa verið fyrir alþingi, verði rædd og afgreidd jafnhliða frumvörpum dómsmálaráðherra. Fyrsti flutningsmaður þessara frumvarpa er Atli Gíslason. Að okkar mati taka þessi frumvörp til mikilvægra lagaákvæða sem valdið hafa útlendingum á Íslandi vandkvæðum. Teljum við æskilegt að þessi ákvæði verði skoðuð á sama tíma og önnur ákvæði útlendingalaganna. Þar með verði horft á málið frá fleiri hliðum og þess freistað að sníða af vankanta sem valdið hafa sérstökum erfiðleikum hjá þolendum laganna. Viljum við benda á nokkur þessara atriða hér á eftir.

Erlendar konur sem kvæntar eru íslenskum ríkisborgurum búa oft við óviðunandi aðstöðu þegar upp koma vandamál í hjónaböndum þeirra. Þær eiga á hættu að verða sendar úr landi ef þær slíta samvistum við eiginmennina. Þær gætu, miðað við gildandi reglur, jafnvel þurft að fara frá börnum sínum undir þessum kringumstæðum. Varla er forsvaranlegt að slíkum einstaklingum sé synjað um áframhaldandi dvalarleyfi í landinu, enda á Mannréttindasáttmáli Evrópu að tryggja einstaklingum í þessum aðstæðum rétt til að njóta samvista við born sín. Vafasamt er að þessar konur búi sem stendur við lágmarksréttindi. Taka þarf tillit til þess að kona sem skilur við eiginmann sinn vegna ofbeldis er oft og tíðum án atvinnu á þeim tímamótum og getur þurft að leita um stundarsakir til félagsþjónustu eftir framfærslu, sem aftur getur komið í veg fyrir að hún fái áframhaldandi dvalarleyfi samkvæmt gildandi lögum.

Ungt fólk, undir 18 ára aldri, þarf í sumum tilfellum að hætta skólagöngu og fara á vinnumarkaðinn til þess að geta uppfyllt framfærslukröfur gildiandi útlendingalaga. Að öðrum kosti eiga þau á hættu að verða send úr landi, jafnvel burt frá fjölskyldu þeirra. Þau geta átt á hættu að þurfa að snúa aftur til fyrra heimalands, þar sem þau eiga ekki lengur heimili. Við að missa af áframhaldandi skólagöngu verða þessi ungmenni af framtíðarmöguleikum sem kynnu ella að standa þeim til boða. Hættan eykst á að til verði undirmálskynslóð innflytjenda í stað fullgildra þátttakenda í íslensku samfélagi.

Dæmin sýna að sú regla að vinnuveitendur séu handhafar atvinnuréttinda erlendra starfsmanna í landinu getur haft vafasamar afleiðingar. Hún færir atvinnurekendum öll völd yfir starfsmönnum og gefur óvönduðum aðilum í þeirra hópi færi á að ganga á rétt starfsmannanna. Starfsmennirnir, sem oftast hafa litla kunnáttu í íslensku, hafa mjög takmarkaða möguleika á að verja sig, t.d. í launa- og kjaramálum. Maldi þeir í móinn eiga þeir á hættu að missa atvinnuréttindi og dvalarleyfi.

Ef, eins og kemur fram í dæmunum að ofan, konur geta neyðst til að búa við heimilisofbeldi, ungt fólk kann að vera nauðbeygt til að hætta skólagöngu vegna dvalarréttinda, og starfsmenn mega búa við skert réttindi, má halda því fram að

núgildandi lög um útlendinga og atvinnuréttindi tryggi ekki innflytjendum í landinu félagslegt réttlæti, heldur þvert á móti.

Við viljum án efa tryggja jafnrétti fyrir lögum, eins og kveðið er á um í 65. gr. stjórnarskrárinnar, og stuðla að því að allri njóti verndar gegn mismunun og félagslegu óöryggi, í anda alþjóðasamnings nr. 10/1979 um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Með það að leiðarljósi virðist ljóst að endurskoða þurfi lög sem snerta útlendinga í landinu.

Þau frumvörp sem nefnd voru í upphafi eru e.t.v. ekki til þess fallin að leysa öll þau vandamál sem hér hafa verið rakin. Þau taka hins vegar á þeim og leggja til ákveðnar tillögur til lausnar. Því mælum við eindregið með að frumvörpin verði tekin til meðferðar og afgreiðslu á alþingi nú í vor, samhliða öðrum breytingum sem rætt er um og snerta málefni útlendinga í landinu.

Virðingarfyllst,

F.h. Stjórnar Samtaka kvenna af
erlendum uppruna á Íslandi

F.h. Stjórnar Fjölmenningsráðs

Anh - Dao Tran

Hope Knutson

Bakkasmára 27, 201 Kópavogur

Æsufelli 4, 111 Reykjavík

